

Nd.

644. Nefndarálit

[22. mál]

um frv. til laga um Akademíu Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, og hafa nefndarmenn ekki orðið einhuga um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrir Alþingi liggur tillaga um akademíu (listarráð), sem hafi önnur verkefni en þau, er greinir í frumvarpi þessu, og þar sem Bandalag íslenskra listamanna hefur óskað þess, að frestað verði ákvörðun um verksvið þeirrar stofnunar, og með því að ekki liggur ljóst fyrir, hvaða reglur gilda um akademíur með öðrum þjóðum, hvort starfsemi þeirra er skipað með lögum, eftir hvaða reglum valið er til þeirra, hve viðtækt verksvið þeirra er og hver árangur hafi orðið af starfsemi þeirra, þá telur deildin ekki tímabært að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Páll Þorsteinsson,
fundaskr., frsm.

Gísli Guðmundsson.

Jónas Árnason.